

Vínstofa Friðheima opnuð með pompi og prakt



Friðheimafjölkskyldan heldur um borðann sem Ásborg Ósk Arnþórsdóttir, ferðamálafulltrúi í Uppsveitum, fékk heiðurinn af að klippa. Á myndinni eru f.v.: Dórothea Ármann, Karítas Ármann, Matthías Jens Ármann, Arnaldur Ármann, Tómas Ingi Ármann, Ásborg Ósk, Kristján Geir Gunnarsson, Helena Hermannsdóttir og Knútur Rafn Ármann. Ljósmynd: Dagskráin/Helga Guðrún.

Glæsileg ný vínstofa Friðheima var opnuð við hátíðlega athöfn síðasta föstudag. Fjöldi fólks lagði leið sína í sveitina til að samgledjast Friðheimafjölkskyldunni við til efnið, en parið Dórothea Ármann og Kristján Geir Gunnarsson standa að baki Vínstofunni, ásamt foreldrum Dórotheu og eigendum Friðheima, þeim Knúti Rafni Ármann og Helenu Hermundardóttur.

Stutt ferðalag á suðrænar slóðir
Vínstofan er sannarlega ævintýraleg og tekur á móti gestum með faguðu, suðrænu yfirbragði, sem minnir mikið á heimsókn á ítalska vínekru. Með klifurjurtum í loftinu, vínrekkum sem teygja sig upp til sólar, fullum veggjum af fallegum pottaplöntum og fallegum, hágæða antik-húsgögnum, sem fjölkskyldan sótti meðal annars til Hollands, færir vínstofan gesti beinustu leið úr íslenska dumbungnum til suðrænna slóða. Nánar er fjallað um opnunina á bls 10. HGL



**Fischersetrið
starfrækt í
áratug**

Unnur og Skafti hlutu Menningarverðlaun Hveragerðisbæjar

Á dögunum veitti menningar-, íþrótt- og frístundanevnd Hveragerðis þeim Unni Birnu Björnsdóttur og Sigurgeiri Skafta Flosasyni menningarverðlaun Hveragerðisbæjar, en saman hafa þau efttónlistarlífíð í Hveragerði til muna.

Unnur Birna Björnsdóttir, fiðluleikari og söngkona, hefur komið fram á hinum ýmsu hátíðum í Hveragerði, haldið marga tónleika í bænum og

verið við hinar ýmsu athafnir í Hveragerðiskirkju. Hún stjórnar barnakór Hveragerðiskirkju og eins hefur hún verið kórstjóri Söngsveitar Hveragerðis.

Sigurgeir Skafti Flosason, bassaleikari og hljóðkerfastjórnaði, hefur komið fram á hinum ýmsu hátíðum í Hveragerði. Hann hefur verið frumkvöðull og framkvæmdastjóri hátíðarinnar „Allt í blóma“ sem haldin hefur verið undanfarin ár í Hveragerði.



Sigurgeir Skafti Flosason og Unnur Birna Björnsdóttir við verðlaunaafhendinguna. Ljósmynd: Hveragerðisbær.

**Fáðu
fagmann
í verkið**



**PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS**

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Framúrskarandi
fyrirtæki

**Rafverktakar · Verslun
Öryggis-, myndavéla-
og loftnetskerfi**



Framúrskarandi
fyrirtæki 2019

Arvirkinn

Neyðarsími 660 1160

Eyravegi 32 · Selfossi · Sími 480 1160
www.arvirkinn.is



40% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ÚTSÖLUVÖRUM

Motivo

VERZLUN

Brúarstræti 3 Selfossi. S. 482 1/00. Motivo.is



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.



Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - [f /keyrsla.is](https://www.facebook.com/keyrsla.is)

Vinátta í nærumhverfinu

Þróunarverkefni leikskólans Strandheima

Skólaárið '22-'23 hefur leikskólinn Strandheimar staðið fyrir þróunarverkefni sem ber heitið Vinátta í nærumhverfinu. Í stuttu máli snýst verkefnið um að stuðla að tækifærum til að efla tengsl á milli elstu nemenda leikskólans þvert á starfsstöðvar og veita þeim möguleika á að auka þekkingu sína á nærumhverfi og sögu þorpanna, Eyrarbakka og Stokkseyrar. Þannig hittist hópurinn einu sinni í mánuði, til skiptis á Eyrarbakka og Stokkseyri, þar sem þau verja heilum degi saman við leik og önnur verkefni.



Hópurinn tók þátt í leik og tónlistarstarfi með nemendum 1. bekkjar í BES

þær leika listir sínar í háloftunum við mikinn fögnuð.

- Hjónin Valgeir Guðjónsson og Ásta Kristín Ragnarsdóttir, eigendur Bakkastofu á Eyrarbakka. Börnunum var boðið í heimsókn á Bakkastofu þar sem þau áttu góða samveru með hjónunum. Valgeir lék á gítar á meðan börnin sungu og var þá ákveðið að hann myndi sjá um undirleik við útskriftarathafnir Strandheima í lok maí. Þar sungu börnin meðal annars lag Valgeirs, Vikivaki.
- Byggðasafn Árnesinga, þar af Sjóminjasafnið, Húsið og Geymslan þar sem börnin fengu að fræðast um gamla tíma hér á svæðinu.
- Veiðisafnið á Stokkseyri. Börnin voru mjög áhugasöm um að fræðast um og sjá dýr frá öllum heimshornum.
- Skógræktarfélag Eyrarbakka með aðsetur í Hallskoti, en hópurinn fékk að verja heilum degi í Hallskoti á loka-degi verkefnisins. Þar tóku þau þátt í útinámi og nutu þess að leika frjálst í skóglendinu. Þess má einnig geta að Skógræktarfélagið styrkir leikskólann ár hvert með plöntum sem útskriftanemar leikskólans fá í kveðjuskyni við lok leikskólagöngu þeirra.

Verkefnið komið til að vera

Það er mat kennara við leikskólann að verkefnið hafi skilað tilskyldum markmiðum og eru bundnar miklar vonir við að ávöxtur þess skili sér í góðu framtíðarveganesti fyrir nemendur í formi vináttutengsla, víðsýni og öryggi fyrir nærumhverfinu. Við endurmat á verkefninu var einnig leitað eftir röddum foreldra og staðfestir upplifun þeirra mat kennara.

Auk þróunarverkefnisins hefur hópurinn sameinast í nokkur skipti á þessu skólaári þar sem BES hefur boðið þeim að taka þátt Barnabæjarverkefni sínu, í íþróttatímum á Stað á Eyrarbakka og í vorskóla BES sem hluti af verkefninu Brúum bilið milli skólastiga. Eins hafa þau tekið þátt í sameiginlegri útskriftarferð sem styrkt var af kvenfélögum þorpanna og Vorferð á vegum foreldrafélagsins þar sem öll börn leikskólans, ásamt foreldrum og kennurum, komu saman á sveitabænum Holti rétt fyrir utan Stokkseyri. Kann leikskólinn foreldrafélaginu og kvenfélögunum bestu þakkir fyrir að gera ferðir sem þessar mögulegar.

Hægt er að fræðast nánar um starfsemi Strandheima á heimasíðu leikskólans: strandheimar.arborg.is

Gönguferðir og heimsóknir

Það er sannarlega mikið framboð af náttúrusvæðum, menningu og annarri starfsemi í þorpinum og hafa móttökurnar verið frábærar hjá þeim aðilum sem við höfum leitast eftir að vera í samstarfi við og vill leikskólinn þakka eftirtöldum aðilum fyrir hlýju og velvild í garð nemenda og starfsfólks:

- Foreldrar elstu nemenda Strandheima sem sáu um að keyra börnin sín á milli þorpa þegar hittingarnir stóðu yfir.
- Stjórnendur Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri (BES) ásamt umjónarkennara 1. bekkjar og tónmenntakennara, en nemendur okkar tóku þátt í tónlistarstarfi með 1. bekk í þau skipti sem hópurinn hittist á Stokkseyri.
- Orgelsmiðja Björgvins Tómassonar á Stokkseyri. Björgvin var með skemmtilega kynningu á orgelsmiðju sinni ásamt því að stjórna fjöldasöng með orgelundirleik.
- Hlökkver Þorsteinsson, dúfnabóndi á Eyrarbakka og kona hans Þóra Ósk Guðjónsdóttir. Hlökkver sýndi börnunum dúfurnar og lét



Björgvin orgelsmiður náði vel til barnanna með skemmtilegum frásögnum



Það var áhugavert um að litast í Sjóminjasafninu á Eyrarbakka

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

BYKO OG KÓTELETTAN

**EINN FRÆGASTI GRILLKOKKUR ÞÝSKALANDS
ANDREAS RUMMEL MÆTIR Á KÓTELETTUNA BBQ
FESTIVAL OG GRILLAR ALLS KONAR GÓÐGÆTI Á
NAPOLEON GRILLUM Á BYKO SVÆÐINU!**

Við munum í lok sýningarinnar gefa veglega grillveislu (Napoleon grill, ábreiðu á grillið ásamt fleiri fylgihlutum, kjötpakka frá Kjarnafæði og alls kyns snakk og meðlæti) og keyra hana upp að dyrum til þín, endilega skráðu þig hér að neðan og þú gætir átt möguleika á að vinna



**SKANNAÐU KÓÐANN
OG SKRÁÐU ÞIG Í LEIKINN**

**NAPOLEON****KJARNAFÆÐI**

GASGRILL FREESTYLE 425 GRAPHITE - Almennt verð: 125.995 VNR. 506600022



Magnús Þór Árnason, verkefnastjóri Carbfix, Edda Sif Pind Aradóttir, verkefnastjóri ON, Árni Hrannar Haraldsson og Kolbrún Ragna Ragnarsdóttir. Ljósmynd: Orkuveita Reykjavíkur

ON og Carbfix stíga mikilvæg skref í átt að sporleysi Hellisheiðarvirkjunar

Fyrsta skóflustungan að hreinsistöðinni Steingerði við Hellisheiðarvirkjun var tekin föstudaginn 30. júní en með tilkomu hennar tekst að fanga nær allt koldíoxíð og brennisteinsvetni frá virkjuninni.

Framkvæmdir við byggingu nýrrar hreinsistöðvar við Hellisheiðarvirkjun hófust 30. júní þegar þau Edda Sif Pind Aradóttir, framkvæmdastýra Carbfix og Árni Hrannar Haraldsson framkvæmdastjóri Orku Náttúrunnar tóku fyrstu skóflustungu að stöðinni, sem mun bera heitið Steingerður.

Fyrsta sporlausu jarðvarmavirkjun heims

Skóflustungan markar upphaf framkvæmda vegna Silfurbergsverkefnisins svokallaða sem er samstarfsverkefni Carbfix og Orku náttúrunnar. Markmið þess er að reisa öflugri hreinsistöð sem mun, ásamt núverandi hreinsistöð, fanga nær allt koldíoxíð og brennisteinsvetni úr útblæstri Hellisheiðarvirkjunar og dæla því niður í nálæg basaltberglög til varanlegrar steinrenn-

ingar með Carbfix tækninni. Stefnt er að gangsetningu Steingerðar árið 2025 og verður Hellisheiðarvirkjun þar með nær sporlaus, fyrst jarðvarmavirkjana á heimsvísu.

Mikilvægt að vera hluti af lausninni

„Það er Orku náttúrunnar mikilvægt að vera hluti af lausninni gegn hamfarahlýnun jarðar. Það er því mikið ánægjuefni þegar Hellisheiðarvirkjun verður farin að framleiða nánast sporlaust og nýta jarðvarmann á sjálfbæran hátt,“ segir Árni Hrannar Haraldsson framkvæmdastjóri ON.

Núverandi hreinsistöð á Hellisheiði sem var tekin í gagnið árið 2014 fangar um 30% koldíoxíðs og 75% brennisteinsvetni frá virkjuninni. Verkefnið hlaut árið 2021 600 milljóna króna styrk úr Nýsköpunarsjóði Evrópusambandsins.

Getur haft áhrif á heimsvísu

„Það er afar ánægjulegt að framkvæmdir við byggingu Steingerðar séu að hefjast enda höfum við unnið lengi að þessum áfanga

með ON. Þetta hjálpar okkur á vegferð okkar við að kynna Carbfix-tæknina sem er í sinn hagkvæm og umhverfisvæn loftslagslausn sem getur haft áhrif langt út fyrir landsteinana,“ segir Edda Sif Pind Aradóttir, framkvæmdastýra Carbfix.

Orka náttúrunnar framleiðir og selur rafmagn á ábyrgan og umhverfisvænan hátt til allra landsmanna. Markmiðið er að gæta hagsmuna auðlinda landsins og viðskiptavina fyrirtækisins með sjálfbærni að leiðarljósi. Þar með styður fyrirtækið við nýsköpun, ábyrga nýtingu auðlindarinnar og flýtir fyrir orkuskiptum með minna vistspori, samfélaginu öllu til heilla.

Carbfix er brautryðjandi á heimsvísu í bindingu CO2 í bergi neðanjarðar. Fyrirtækið hefur síðan 2012 bundið yfir 90 þúsund tonn af CO2 á Íslandi með eigin tækni sem er örugg, sannreind, varanleg og hagkvæm. Stefnt er að frekari innleiðingu hennar bæði á Íslandi og erlendis. Nánari upplýsingar um fyrirtækið, tækni þess og verkefni má finna á carbfix.com.



Sunnlenski matgæðingurinn



Gunnar Ingi Jónsson er sunnlenski matgæðingur vikunnar.

Ég vill þakka Fannari fyrir þessa áskorun. Maður er aldrei svikin af því að kíkja í kjötbúrið til hans að næla sér í eitthvað á grillið. Það er ekki auðvelt að koma á eftir svona meistarakokk en ég ætla að reyna. Þar sem sumarið er í hámarki þá ætla ég að bjóða uppá uppskrift af grilluðum silungi.

Grillaður silungur

Best er að byrja á að fara að veiða fiskinn einhversstaðar við fallett vatn eða í versta falli að rúlla úti næstu fiskbúð

Gott er að reikna með ca. flaki á mann en það fer auðvitað eftir stærð fisksins.

Sítróna eða lime
Sítrónupipar
Hvítlaukur
Nóg af smjöri

Flakið er lagt á álpappír, kreist yfir það safi úr hálfri sítrónu eða limei og kryddað með sí-



trónupipar. Hálft hvítlauksrif er skorið smátt og dreift jafnt yfir. Því næst er sett smjör yfir fiskinn, mér finnst best að skera smjörið með ostaskera og er passlegt að hafa ca 3 sneiðar. Stranglega bannað að nota smjörliki.

Fiskurinn er grillaður á meðalheitu grilli í ca 10 mín. eða þar til hann byrjar að lýsast.

Með þessu er gott að bera fram nýuppteknar kartöflur, vel af smjöri og ferkst salat.

Ég vill senda boltann yfir á Ingimar Helga Finnsson. Hann er einstaklega lunkinn bakvið eldavélina og hlakka ég til að sjá hvað kemur frá honum.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Gekk vonum framar þrátt fyrir slæmt veðurfar

Jónsmessuhátíð Eyrarbakka 2023 gekk vonum framar miðað við veðurfar.

Hátíðin byrjaði á föstudeginum með Kílókeppni sem Ungmennafélag Eyrarbakka hélt og endaði það með grillveislu og til að ljúka þeim degi voru frír tónleikar á Skrífunni, grósku- og sköpunarmiðstöðinni á Eyrarbakka.

Á laugardegnum var fjölbreytt dagskrá fyrir alla fjölskylduna þar sem meðal annars Latabæ, Lögreglu-, sjúkra- og slökkviliðsbílar mættu í heimsókn fyrir börn til að skoða og var körfubílinn nýttur til að vera með stórkostlegt karamellukast fyrir börnin sem var til mikillar gleði hjá ungum sem öldnum.

Einnig var boðið upp á hoppukastala, Víkingatjald og dansa frá Þjóðdansafélag Reykjavíkur. Skapandi ungmennti í Árborg voru með atriði sem þótti heppnast vel.

Rauða Húsið tófræði fram sína árlegu kjötsúpu, sem var í boði fyrir alla sem mættu með ílát. Hestvagnaferðir um þorp-



id voru í boði Byggðasafns Árnesinga. Jafnframt voru söfn byggðasafnsins opin, auk þess sem einstaklingar opnuðu hús sín fyrir gestum og gangandi.

Samsöngur var í Húsinu um kvöldið og var hann vel sóttur. Í framhaldi af samsöng var brenna í fjörunni með eldgleypi og trúbador þar sem Sigrún Þuríður flutti ávarp fyrir gesti. Að lokinni brennu var ball á Rauða Húsinu fram eftir nóttu.

Jónsmessuhátíðarnefndin telur hátíðina hafa gengið vel og fá hrós frá Eyrbekkingum og öllum íbúum í Árborg fyrir vel unnin störf. Sv. Árborg



Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveg 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 956 0673, helga@dfs.is.
Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar systur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Visnagátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÓLAR

Úr sykri og vatni sú er gerð, séð og elt í veiðiferð.
Fljót að reiðast frúin mín, finnst í snjó ef sólin skín.

Svar við gátu í blaði 2707: **GANGA**

1. Kröfu-/skróðganga
2. Síldarganga



ÚTIMÁLNING

Þegar þú velur *útimálningu* og *viðarvörn*
frá **Slippfélaginu** þá ertu að velja *íslenskar*
vörur sem *pola íslenskt veðurfar*.

**SLIPPFÉLAGIÐ**

Austurvegi 58, Selfossi, s: 482 1250

Opíð:

8-18 virka daga og **10-14** laugardaga

slippfelagid.is



Fischerssetrið 10 ára og boðar til hátíðar

Sunnudaginn 9. júlí nk. minnst aðstandendur Fischerssetursins þess að það hefur starfað í tíu ár. Boðað er til hátíðar í Laugardælakirkju kl. 14.00 þar sem séra Kristinn Ágúst Friðfinnsson stýrir athöfn í kirkjunni. Ávörp flytja Lilja Dögg Alfreðsdóttir Viðskipta- og menningarmálaráðherra og Guðni Ágústsson. Þeir Friðrik Ólafsson og Guðmundur G. Þórarinnsson leggja blómsveig á leiði Bobby Fischers.



Eftir hina kirkjulegu athöfn verður boðið uppá veitingar í Fischerssetrinu á Selfossi. Þar flytur Guðmundur G. Þórarinnsson ávarp og minnst skákmeistarans og hinnar miklu baráttu fyrir frelsi hans. Allir eru velkomnir á þessa hátíð

The Bobby Fischer Center

Austurvegur 21, 800 Selfoss, Iceland

Ferðanefnd FEBSEL býður upp á ferð um Ölfusið þriðjudaginn 18. júlí 2023
Lagt af stað frá Grænumörk kl. 10.00.
Leiðsögumaður: Sigurveig Helgadóttir frá Núpum í Ölfusi.



Sigurveig mun fræða okkur um markverða staði í Ölfusi og Reykjadal Hádegisverður snæddur í Hótel „Frosti og funa“ við Varmá.

Móttaka í Kjörís kl: 14,00 þar sem við fáum kynningu á starfsemi þess ágæta fyrirtækis. Áætluð heimkoma kl: 16,00.

Verð pr. mann er kr. 9.000 þúsund.

Aðeins ein rúta verður í ferðinni og þar af leiðandi takmarkast fjöldi farþega við það.

Ath; hver og einn þátttakandi er á eigin ábyrgð.

Bókanir í ferðina eru hjá nefndinni og þátttökulisti liggur frammi í Grænumörk 5

Hlökkum til fararinnar.

Helgi - s. 8607032
Ingibjörg - s. 8642972
Vigdís - s. 8936564



Hljóðbækurnar opnuðu mér nýjan heim segir lestrarhesturinn Sigríður Kristjánsdóttir

Sigríður Kristjánsdóttir er fæddur Sunnlendingur á Blesastöðum á Skeiðum árið 1956. Fyrstu sex árin bjó fjölskyldan í Kópavogi en síðan flutti Sigríður á Selfoss með móður sinni og systkinum, eftir fráfalið föður þeirra. Þar hófst skólaganga hennar. Tveimur árum síðar fluttu þau í Hveragerði og þar lauk hún grunnskólanámi. Hún lærði síðan hjúkrun og hefur sinnt því starfi síðan, síðustu 35 árin á HNLFI. Sigríður er gift Gústafi Jónassyni og eiga þau fimm syni og ellefu barnabörn.

Hvaða bók ertu að lesa núna?

Núna er ég að lesa bókina Undir Yggdrasil eftir Vilborgu Davíðsdóttur. Ég fór í ferð til Suðureyja við Skotland og fyrir ferðina byrjaði ég að lesa bækurnar hennar sem tengjast þeim stað og og uppruna Auðar djúpuðgu. Byrjaði auðvitað á fyrstu skáldsögunni Auði og svo komu hinar svona koll af kolli. Þær heilla mig algjörlega núna.

Hvers konar bækur höfðu helst til þín?

Ég er nú næstum alæta á bækur. Les þó minna af erfiðum krimmum. Mér finnst yfirleitt gaman að lesa bækur eftir íslenska höfunda. Bækur með fjölskylduívafi held ég að heilli mig mest, til dæmis Ættarfylgjan eftir Ninu Wähä og auðvitað bækurnar hennar Lucindu Riley um systurnar sjö. Bíð spennu eftir fleiri þýðingum úr þeim bókaflökki. Bækur sem eru skrifaðar á vel kjarnyrta máli heilla mig líka eins og skáldsögur Hallgríms Helgasonar og Jóns Kalmans Stefánssonar. Málfar þeirra er svo gott og þeir hafa svo góð tök á íslensku tungu. Ekki má heldur gleyma Bjarna Harðarsyni og hans bókum og öllu því orðskráði sem hann hefur yfir að ráða. Einnig les ég allar skáldsögur og smásögur Ólafs Jóhanns Sigurðssonar og elska

þær algjörlega. Skáldverk Sigríðar Hagalín hafa líkað heillað mig sem eru mjög ólíkar sögur en skemmtilegar. Auðvitað les ég líka bækurnar hans Arnaldar Indriðasonar. Svo dregst ég líka að sögum sem gerast í menningarheimum ólíkum okkar eins og Flugdrekahlauparann eftir Kahled Hosseini og bækurnar hennar Isabel Allende frá Chile og ýmsar bækur frá Kína. Auk þess les ég líka allskonar léttmeti eins og verk Söru Morgan og fleira í þeim dúr. Ég les ekki mikið af ævisögum, en þó slæðist ein og ein með.



Ertu alin upp við bóklestur?

Mér gekk reyndar frekar illa að verða læs en mamma kenndi mér að lesa.

Ég man ekki eftir að hún læsi mikið fyrir okkur systkinin en hún sagði okkur margar sögur og hvatti okkur til lesturs. Ég var ekki svona bókasafnsstúlka en ég las nú alltaf eitthvað, til dæmis Öddu bækurnar, Heiðu bækurnar, Fimm bækurnar og fleira í þeim dúr. Ég man eftir að til var mikil bók sem hét Stóra Ævintýrabókin, fallega myndskreytt með öllum gömlu góðu ævintýrunum. Sem unglingur eignaðist ég svo söguna um Pollýönnu og það var mikil uppáhaldsbók.

Segðu aðeins frá lestrarvenjum þínum.

Best er að lesa upp í rúmi. Í einhver ári las ég lítið annað en skólabækurnar mínar. Svo tóku við allar barnabækurnar sem ég las upphátt fyrir syni mína og vegna lesblindu þeirra las ég mikið af skólabókum þeirra líka upphátt. Ég las allskonar bækur fyrir þá alveg fram á unglingsár þeirra. Þeir völdu sér ýmiskonar bækur sem ég las fyrir þá á kvöldin, man sérstaklega eftir ævisögu ævintýramannsins Harry Houdini. Alltaf var nú samt líka bók á náttborðinu mínu og ég las í nokkrar mínútur fyrir svefninn. Núna er



ég komin upp á lag með hljóðbækur og þá opnast mér alveg nýr heimur. Nú get ég hlustað um leið og ég þrjóna eða geri önnur verk heima. Ég spæni upp allskonar bækur núna.

Áttu þér uppáhaldshöfundar?

Held ég telji fyrstan Ólaf Jóhann Sigurðsson. Bækurnar hans eru bæði hugljúfar og skrifaðar á svo fallegu máli. Einnig skáldverk Jóns Kalmans Stefánssonar og hans bækur, fjölskyldusögur og oft í umhverfi sem ég kannast við.

Hefur bók einhvern tímann rænt þig svefni?

Já, mjög oft hefur bók rænt mig svefni. Eftirminnilegast er þegar ég var að lesa Flugdrekahlauparann. Þá var ég á miklu ferðalagi erlendis og mátti svo sannarlega ekki við því að missa nætursvefni. Síðan passa ég mig á að hafa ekki svona spennandi bækur með í ferðalög.

En að lokum Sigríður, hvernig bækur myndir þú skrifa sem rithöfundur?

Ef ég væri rithöfundur myndi ég líklega skrifa sögur fólks til dæmis hennar móður minnar. Ég held reyndar að ég eigi eftir að setja þá sögu á blað. Einnig væri gaman að skrifa barnasögur, fallega myndskreyttar sögur.

Tillögur að skemmtilegum lestrarhestum sendist á jonozur@gmail.com

Afturrúður og hliðarspeglar brotnuðu í vindhviðu


Gul veðurviðvörðun var um sunnan- og suðaustanvert landið í upphafi síðustu viku. Björgunarsveitin Dagrenning á Hvolsvelli var beðin um „mjúka lokun“ við Steina, þar sem átti að stoppa hjólhýsi og ferðabíla.

„Stundum hefur okkur þótt forsjárhbyggjan helst til um of og lokanir næstum óþarfar. Í dag var bíllinn okkar staddur á malbiki við Steina og ekkert að veðri, aðeins um 15 metra vindur en svo kom hvellur eða vindhviða sem mældist 49

metrar. Báðar afturrúðurnar í bílnum okkar brotnuðu og báðir hliðarspeglarnir. Viðvörðunin var kanski ekki óþörf og stundum vita vegagerð og veðurfræðingar hverju þeir eru að spá,“ segir í tilkynningu frá Dagrenningu.

Björgunarfólk úr Dagrenningu dró að auki rútu upp í vatnavöxtum og fengu tilkynningu um tvo blauta ferðalanga við Bláfjallakvísl sem treystu sér ekki lengra. Þegar björgunarfólk kom að þeim var búið að koma þeim í skála við Hvanngil.





Veglegur sumarafsláttur af völdum bílum



ID.4 GTX

Tilboðsverð frá: 8.290.000 kr.

Allt að 750.000 kr. afsláttur

ID.5 GTX

Tilboðsverð frá: 8.290.000 kr.

Allt að 1.150.000 kr. afsláttur

Audi Q4 e-tron

Tilboðsverð frá: 8.390.000 kr.

Allt að 1.060.000 kr. afsláttur

Skoda Enyaq Coupé 80X

Tilboðsverð frá: 8.390.000 kr.

Allt að 990.000 kr. afsláttur

Mitsubishi Eclipse Cross Plug-in hybrid

Tilboðsverð frá: 6.490.000 kr.

Allt að 700.000 kr. afslátturHrísmýri 3 • Sími 480 4000 • www.bilasalaselfoss.is

*Afslættir gilda til 15. júlí 2023

Indland í Árborg



Þann 19. júní síðastliðinn stóð Selfyssingurinn Eva Dögg Atladóttir fyrir móttöku einstaka Íslandsvinarins Prasoon Dewan, formanni Indversk-Íslenska viðskiptaráðsins í Delhí.

Stjórnendum og fólki úr menningarlífinu í Árborg var boðið að koma saman á Selfossi og kynna Prasoon og indversku viðskipta- og menningarlífi. Til stendur að halda indverska menningarkviku í Árborg í september næstkomandi.

Dewan mætti, ásamt Gissuri Guðmundssyni, stjórnukokki og fyrrum forseta matreiðslumeistarara á Norðurlöndum og WACS,

World Association of Chefs Societies, en Gissur á ættir að rekja til Árnassýslu.

Öll flóra indversks atvinnulífs

Markmiðið með móttökunni var að kynna fulltrúa Árborgar fyrir Dewan, sem er í óðaönn við að undirbúa komu 40 manna indverskrar viðskiptasendinefndar til Íslands í september. Í þeim hóp verða fulltrúar allrar flórunnar úr indversku atvinnulífi, allt frá matvælaframleiðslu og hönnun, yfir í afþreyingageirann í Bollywood. En viðræður á milli fulltrúa EFTA og indverskra stjórnvalda um gerð

nýs fríverslunarsamnings er í fullum gangi. „Þessi viðskipta- og menningarviðburður sem haldinn verður í Hörpu, þriðju vikuna í september, er stórmerkilegur og þar sem Árborg er á hraðri leið upp viðskipta- og menningarstigann, þótti mér kjörið að kynna fulltrúa sveitarfélagsins fyrir Prasoon og sömuleiðis þau fyrir honum og öllu sem Indland hefur uppá að bjóða fyrir Ísland,“ segir Eva Dögg í samtali við Dagskrána.

Alþjóðlegt tengslanet

Eva Dögg, samskiptafulltrúi hjá Miðlun er, meðal margs annars, yogakennari og nemandi í almannatengslum og miðlun við Háskólann á Bifröst. Eva Dögg hefur búið út um allan heim og

hefur mikinn áhuga á menningu og alþjóðlegum viðskiptum, hún vinnur markvisst að því að koma sér upp alþjóðlegu tengslaneti og á vini og tengingar út um allan heim og þá sérstaklega á Indlandi, þar sem hún var búsett í 6 ár. Eva leggur mikla áherslu á að koma Íslandi og einna helst Árborg á kortið.

Íslensk og Indversk menning í bland

Móttakan, sem haldin var í einum af Selfossbæjunum við Ölfusá, var fjölbreytt. Prasoon fór yfir væntanlegt samstarf Íslands og Indlands, Fjöla Kristinsdóttir bæjarstjóra í Árborg fór sömuleiðis yfir vaxandi viðskipta- og menningarlíf í Árborg. Boðið var upp á íslenska rabararaböku

og indverski meistarakokkurinn Megha Jhunjhunwala, sem nýtur mikilla vinsælda hjá íslenskum græn- og sælkerum, bauð upp á það besta úr indverskri matargerð, en Megha hefur haldið út matreiðslunámskeiði í Fjöleheimum á Selfossi í samstarfi við Evu Dögg. Kjartan Björnsson, formaður menningarnefndar Árborgar söng íslenskt kvæði og Dewan gaf öllum gestum móttökunnar kveðjugjöf að indverskum sið, silkisjal frá heimalandinu.

Ef fólk hefur áhuga á að taka þátt í viðburðinum í Hörpu eða Árborg tekur Eva Dögg á móti fyrirspurnum á indigoselfoss@gmail.com eða í síma 787-4812.

Ljósmyndir: Eva Dögg Atladóttir



F.v. Gissur Guðmundsson, Megha Jhunjhunwala, Snorri Sigurðsson, Fjöla Kristinsdóttir, Kjartan Björnsson, Margrét Blöndal, Brynhildur Jónsdóttir, Magnús St. Magnússon, Heiðrún D. Eyvindardóttir, Anna Jónsdóttir, Rohit Dhamija, Prasoon Dewan, Eva Dögg Atladóttir og Ívar Bjarki Lárusson.

Í skugga Gaulverjabæjar

höfundur: Jón M. Ívarsson

Þetta er sagan af ósvífnustu fjárvikurum á Íslandi sem settust að í Gaulverjabæ í Flóa fyrir 100 árum síðan.

Peir sviku fjölmarga bændur um allt Suðurland og rændu þá aleigunni. Sumir styttu sér aldur, gjaldþrota menn.

Peir Jón Magnússon, Björn Gíslason og Erasmus Gíslason skildu eftir sig sviðna jörð og stærsti sparisjóður landsins á Eyrarbakka varð gjaldþrota. Hvernig gat þetta gerst?

„Ævintýrleg saga sögð á skýran og skeleggan hátt.“
Inga Lára Baldvinsdóttir sagnfræðingur.

„Frábærlega vel skrifuð bók.“
Jón P. Þór sagnfræðingur.

Í bókinni eru ótal myndir af meðreiðarsveinum og mótstöðumönnum bófanna.
Fæst hjá útgefanda. Sími 861-6678.
jonmivars@gmail.com

Heimsend frítt um land allt.



Nýtt tónlistarmyndband frá Alexöndru á fallegu sumarkvöldi

Óperusöngkonan Alexandra Chernyshova, skólastjóri Tónskóla Mýrdalshrepps, gaf á dögunum út óperu, bæði á Spotify og geisladisk. Það merki- legasta við það er vafalaust að hin úkraínsk/íslenska Alexandra samdi alla óperuna sjálf, syngur í henni aðalhlutverkið, tók hana upp og gaf út nótnabók úr óperunni.

Óperan Skáldið og Biskupsdóttirin er í tveimur þáttum, skrifuð fyrir 11 einsöngvara, óperukór og hljómsveit. Tónlistin er sem fyrr segir eftir Alexöndru Chernyshovu, handrit eftir Guðrúnu Ásmundsdóttir. Ljóð eftir Hallgrím Pétursson, Rúnar Kristjánsson, Guðnýju frá Klömburum og Daða Halldórsson.

Óperan var frumsýnd í konsertuppfærslu í Hallgrímskirkju í Saurbæ í Hvalfirði árið 2014 undir hljómsveitarstjórn Magnúsar Ragnarssonar, við góðar undirtektir.

Árið 2015 gaf Alexandra út Nótnabók með 14 lögum: aríum, dúettum, tríó og kór í útsetningum fyrir rödd og píanó úr óperunni. Útgafutónleikarnir voru í Kaldalóni, Hörpu. Óperan hefur verið kynnt í Tókió og Mie í

Japan og sömuleiðis í Jónshúsi í Kaupmannahöfn.

Skáldið og biskupsdóttirin var sýnd í konsertuppfærslu í Gnessin Tónlistar Akademiunni í Moskvu og Kamenoostrovskiy kastala í Petursborg. Árið 2017 var óperan frumsýnd í konsertuppfærslu í Taras Shevchenko Háskólanum í Kænugarði í til efni af 150 ára afmæli Tónlistarháskólans Glier, í Úkraínskri þýðingu eftir Alexöndru og Evgeniu, móður hennar.

Árið 2020 lenti óperan í 1. sæti í alþjóðalegri tónskálda-keppni Isaak Dunajevskiy og lagið Ave María úr sömu óperu komst á meðal topp tíu bestu World Folk Vision árið 2020.

Óperan fékk styrk fyrir útgáfunni frá Menningarsjóði Jó-

hannesar Nordal, Hljóðritasjóði og Upptökusjóði STEFs.

Í síðustu viku gaf Alexandra út tónlistarmyndband við lag af plötinni þar sem hún syngur aríu Ragnheiðar biskupsdóttir. Ég vil lifa, úr frumsömdu óperunni Skáldið og Biskupsdóttir, í fallegri náttúru Íslands, við Skógafoss. Jón Hilmarsson, ljósmyndari og eiginmaður Alexöndru, tók upp myndbandið og útkoman er mjög falleg.

Ljóðið í aríunni er eftir Rúnar Kristjánsson frá Skagaströnd, handritið eftir Guðrúnu Ásmundsdóttur, leikkonu og rithöfund. Hljómsveitin sem leikur undir er Gossorchestra frá Úkraínu og kvenraddirnar sem syngja með Alexöndru eru úr Söngsveitinni Fílharmónía.



Vel heppnuð hjólahátíð í miðbæ Selfoss

Um þrjúhundruð og tuttugu þátttakendur skráðu sig til leiks í KIA Gullhringinn sem var ræstur út frá miðbæ Selfoss um helgina.

KIA Gullhringurinn var haldinn í tólfta sinn um helgina en hann er sannarlega eitt stærsta og um leið skemmtilegasta hjólréiðamót landsins, fullyrða skipuleggendur keppinnar. Keppnin var fyrst haldin árið 2012 á Laugarvatni og hefur fyrir löngu skapað sér fastan stað í mótadagatali hjólréiðafólks.

Fyrstu níu árin var KIA Gullhringurinn hjólaður frá Laugarvatni en var fluttur á Selfoss sumarið 2021. Nú er svo komið að á Selfossi er keppnin orðin tveggja daga viðurður, hjólað er um Flóahrepp, í gegnum Stokkseyri og Eyrarbakka og endað í miðbæ Selfoss.

„Við erum hæstánægð, allt gekk vel, einmuna veðurblíða var í Flóanum á laugardag og fram á kvöld, logn og þrátt fyrir að það hafi verið skýjað, rigndi ekkert á þátttakendur í brautinni sem verður að teljast afbrigðilegt veðurfar miðað við sumarið í ár. Við höfum fengið mjög góðar viðtökur og okkur þykir vænt um hvað Selfyssingar og fólk í Flóanum tekur vel í þetta. Svo þykir gamla Selfyssingnum auðvitað gott að vera kominn heim á Selfoss með þessa keppni,“ segir Einar Bárðarson, einn skipuleggenda

Kia Gullhringsins í samtali við Dagskrána.

Á laugardag var keppt í tveimur vegalengdum, 59 km og 43 km, en í seinni vegalengdinni er boðið upp á þátttöku með og án tímatöku. Þannig gátu vinahópar, saumaklúbbar og vinnustaðahópar hjólað saman á laugardagskvöldið, 43 km hring sér til skemmtunar, án tímapressu. Rafmagnshjól eru einnig velkomin í þá vegalengd og er hún hugsuð sem sam-eiginlegt skemmtimót allra sem hafa gaman af hjólréiðum en ekki bara þá sem skara fram úr í sportinu.

Allar vegalengdir mótsins á laugardag voru ræstar á Brúarstræti í Miðbæ Selfoss og komu svo í lokamark fyrir framan Mjólkurbúið og Mathöllina.

Strax og þátttakendur komu í mark hófst eftirparty á Sviðinu, tónleikastaðnum í hjarta Miðbæjarins, þar sem verðlaunaafhendingar fóru fram eftir að allir þátttakendur voru komnir í mark.

Á sunnudag buðu KIA og BYKO upp á fjölskylduhring þar sem hjólað var frá BYKO á Selfossi það sem Sunnlendingar kallar Votmúlahringinn og endað í pulsgrilli við BYKO. Leiðin er um 12 km en ekki er um keppni að ræða heldur svokallað samhjóla þar sem allir aldurs- og getuflokkar hjóla saman sér til skemmtunar. Öll hjól, þar með talin rafmagnshjól, voru velkomin og fjölskyldur hvattar til að fjölmenna.

HGL



Til sölu Veislupjónusta Suðurland

Upplýsingar í síma 8643237 (Bjartmar)
eða Sudurlandveitingar@gmail.com



Nýjar fréttir á hverjum degi!

Súkkulaðilax

Í byrjun 20. aldar var hvorki ívatnsveita né fráveita í Reykjavík og þess vegna ekki vatnslósett. Þá voru kamarar, með tilheyrandi kamarfötum. Þær þurftu að tæma og það gerðu sérstakir menn, sem fóru um með svokallaða súkkulaðivagna.

Spurningin hvar þeir tæmdu vagnana veldur gjarnan viðbjóði. Ef þetta kamra- og súkkulaðivagnakerfi væri á Selfossi núna væru milli 5 og 10 vagnar tæmdir í ána á dag, líklegast undir brúnni. Þetta þætti ógeðslegt, einkum gagn-

vart lax- og silungsveiði. Sannleikurinn er hins vegar sá að núverandi kerfi er jafn ógeðfellt. Liturinn á jökulvatninu bætir á vandann, þar sem sólarljósið nær síður að sótt-hreinsa hið feiknamikla magn af manna, sem fer frá allri byggð á Selfossi, í ána.

Það má segja að þeir fisk-sölu- og veitingamenn séu ekki klígjugjarnir, sem bjóða upp á Ölfusárveiddan lax. Gárungarnir gætu sem hægst farið að kalla hann súkkulaðilaxinn.

Hreggviður Hermannsson

TM

Þjónusta TM er hugsuð fyrir þig

Á tm.is og í TM appinu getur þú gengið frá öllum tryggingum hvar og hvenær sem þér hentar.

Vínstofa Friðheima opnuð með pompi og prakt

Glæsileg ný vínstofa Friðheima var opnuð við hátíðlega athöfn síðasta föstudag. Fjöldi fólks lagði leið sína í sveitina til að samgledjast Friðheima-fjölskyldunni við tilefnið, en parið Dóróthea Ármann og Kristján Geir Gunnarsson standa að baki Vínstofunnar, ásamt foreldrum Dórótheu og eigendum Friðheima, þeim Knúti Rafni Ármann og Helenu Hermundardóttur.

Stutt ferðalag á suðrænar slóðir

Vínstofan er sannarlega ævintýraleg og tekur á móti gestum með faguðu, suðrænu yfirbragði, sem minnir mikið á heimsókn á ítalska vénekru. Með klifurjurtum í loftinu, vínrekkum sem teygja sig upp í sólina, fullum veggjum af fallegum pottaplöntum og fallegum, hágæða antik-húsgögnum, sem fjölskyldan sótti meðal annars til Hollands, færir Vínstofan gesti beinustu leið úr íslenska dumbungnum til suðrænna slóða.

Í húsinu eru þrjú fullbúin fundarherbergi, tilvalin fyrir fundi að öllu tagi, vinnustofur, námskeið og þar frameftir

götum. Með haustinu stendur til að flétta inn matar- og vínupplifun með sögustund, sem hentar vel fyrir einstaklinga og litla hópa. „Svo er þetta auðvitað fullkominn staður fyrir viðburði; tónleika, uppistand, brúðkaup og svo frameftir götunum“, segir Dóróthea í samtali við Dagskrána.

Hugmyndin að Vínstofunni kviknaði í Covid. „Þá vorum við svo heppin að nágrannar okkar, Dagur og Ína, vildu selja okkur garðyrkjustöðina sína, Birkilund, en þá vorum við að fara að stækka garðyrkjustöðina okkar og byggðum þar 5600 fermetra gróðurhús. Með landinu fylgdu gömul gróðurhús í flottu ásigkomulagi sem urðu til þess að við förum að velta því fyrir okkur hvað við gætum nýtt þau í, en þannig kviknaði hugmyndin að Vínstofunni,“ segir Dóróthea.

Samkomustaður fyrir sveitunga

„Við Kristján vorum farin að huga að því að flytja austur úr Reykjavík og langaði að vera hluti af því að búa til samkomustað fyrir sveitungana og aðra gesti til að

hittast á kvöldin. Þannig fór hugmyndin af stað og svo erum við svo heppin að hafa svo mikið af frjóu fólki í kringum okkur, ef einhver hendir bolta á loft þá er einhver annar sem grípur hann. Sem dæmi kom ég með hugmynd um að nýta sviðið sem fundarherbergi og svo tók einhver annar við hugmyndinni og bætti við bókahillunum og þá var hugmyndin komin miklu lengra, en þetta hefur verið rauði þráðurinn í öllu ferlinu, frábært samstarf hjá okkur öllum. Við erum líka með frábærlega flottan smíð, hann Karl Jóhann Bridde, sem náði að gera allar hugmyndirnar okkar að veruleika,“ bætir Dóróthea við.

Lítill, 17 blaðsíða vínseðill

Vínstofan er hugsuð sem vín- og vinnustofa. „Við ætluðum bara að byrja smátt en erum með veglegan vínseðil sem telur um 17 blaðsíður núna og fer bara stækkaandi, við ætluðum að byrja bara einfalt, en hluti af ástæðu stærðar vínseðilsins er sá að það er góð lýsing við hvert vín sem lýsir sögu og sérkennum vínsins, en það er auðvelt að gleyma sér í lestrinum, ég hef í það minnsta haft mjög gaman að því að búa hann til,“ segir Dóróthea og brosir sínu breiðasta.

Vínstofan er hugsuð sem samkomu-

hús fyrir sveitunga og gesti. „Það er hægt að koma hingað inn í vínklas, hitta fólk, njóta stundarinnar eða bara glugga í bók, við erum með mjög flotta bókahillu með einstöku bókasafni, fólkið í sveitinni er búið að vera svo yndislegt að gefa okkur gamlar og fallegar bækur og ég er búin að eyða mörgum klukkutímum í að skoða þær. Ég hef gleymt mér við lestur eftir vinnu og rankað við mér þegar Kristján sendir mér skilaboð og spyr hvort ég sé ekki á leiðinni heim,“ segir Dóróthea og hlær.

Prinsippatriði að opna í júní

Framkvæmdir við Vínstofuna hófust seint á síðasta ári. „Við gerðum þetta á smá spretti, þau voru löng dagsverkin, en við vorum alltaf ákveðin í að opna í júní, það var mikið prinsippatriði og við erum svo glöð að það hafi tekist, síðasta daginn í júní. Við opnuðum óformlega á miðvikudag, erum búin að vera að prufa okkur áfram, læra að gera kokteila og sjá hvað fólkið biður um, og erum svo glöð að opna formlega í dag, nú er þetta bara byrjað,“ segir Dóróthea hæstánægð að lokum.

Vínstofa Friðheima er opin alla daga 13-22, það þarf ekki að bóka fyrirfram og allir eru velkomnir.

HGL



Fjögur sunnlensk verkefni hljóta Lóustyrk

Tuttugu og fimm verkefni fengu styrk úr Lóunni, nýsköpunarstyrk fyrir landsbyggðina á dögnum og af þeim voru fjögur sunnlensk verkefni; Frostþurrkun ehf., Eden ehf., Öldurhús ehf. og Þekkingasetur Vestmannaeyja.

Hlutverk Lóunnar er að styðja við nýsköpun, eflingu atvinnulífs og verðmætasköpun sem byggir á hugviti, þekkingu og nýrri færni á forsendum svæðanna sjálfra. Í ár var sérstaklega horft til verkefna sem komin eru af byrjunarstigi og tengjast samfélagslegum áskorunum á borð við loftslagsmál, sjálfbærni í heilbrigðis- og menntamálum og sjálfbærni í matvælaframleiðslu. Heildarfjárhæð úr Lóu er 100 milljónir króna. Alls bárust 97 umsóknir á fjölbreyttum sviðum með ólíkum viðfangsefnum. Allt frá hugmyndum á frumstigi til stærri verkefna sem eru komin vel á veg. Verkefni í öllum landshlutum fengu styrk og kynjahlutfall er nokkuð jafnt.

Frostþurrkun ehf. hlaut styrk að upphæð 6.559.000 fyrir verkefnið Verðmætaaukning hliðarafurða laxa úr landendi. Verkefnið snýr að þróun afurða úr hliðarafurðum laxa úr landeldi með notkun frostþurrkunar.

Eden ehf. hlaut 2.000.000 króna styrk til verkefnisins Binding og notkun á íslensku bergi. Verkefni Eden snýst um



að nýta grjót sem fellur til við námuvinnslu sem hliðarafurð, binda inn í staðlaðar einingar til útflutnings sem fullbúna vöru sem nýtist t.d sem ýmiskonar vörn gegn áhrifum náttúruvár.

Öldurhús ehf. hlaut 730.000 króna styrk fyrir verkefnið Sjálfbærni í mjaðargerð. Markmið verkefnisins er að setja á lagginnar mjaðargerð á Hellu með eigin matjurtagöðrum, gróðurhúsum og heimajarðgerð til að sporna við sóun og auka sjálfbærni.

Þekkingasetur Vestmannaeyja hlaut styrk að upphæð 5.000.000 króna fyrir verkefnið Veiðar og vinnsla á rauðáttu við Vestmannaeyjar. Verkefnið snýst um að kanna möguleika á veiðum og vinnslu á rauðáttu við suðurströnd landsins. Talsverðar rannsóknir hafa verið stundaðar síðustu tvö ár í svokölluðu Háfadjúpi og ætlunin á þessu ári er að skala þessar rannsóknir upp með búnaði sem tekinn verður á leigu frá Zoocoo (Calanus AS).

Aukinn kraftur í alþjóðlegum námskeiðum

Endurmenntun er nauðsynlegur þáttur í öflugu skólastarfi og eru starfsmenn FSu duglegir að sækja sér slíka menntun. Á síðasta skólaári 2022 til 2023 sóttu 24 starfsmenn alþjóðleg endurmenntunar námskeið víða í heiminum. Árið 2021 fékk skólinn Erasmus+ styrk til endurmenntunar en vegna ástandsins sem Covid skapaði var í raun ekki hægt að nýta hann fyrr en árið 2022 og var hann fullnýttur vorið 2023.

Styrkurinn er veittur í þeim tilgangi að efla allt starfsfólk til endurmenntunar í sjálfbærni, rafrænu skólaumhverfi og til að

bregðast faglega við mismunandi þörfum ólíkra nemenda. Námskeiðin fóru fram í Barse-lóna á Spáni, Dublin á Írlandi, Flórens og Róm á Ítalíu, Ilion á Grikklandi, Santa Cruz á eyjunni Tenerife og Split í Króatíu.

Umsjónarmaður alþjóðlegra samskipta í FSu er Eyrun Björg Magnúsdóttir félagsfræðikennari. Almenn ánægja var með námskeiðin enda mikilvægur liður í starfsþróun að afla nýrrar færni sem og að styrkja þá færni sem þegar er til staðar.

jöz / eybm



Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg



Auglýsing um niðurstöðu Bæjarráðs Árborgar. Samkvæmt 3. mgr. 41. skipulagslaga nr. 123/2010

er auglýst niðurstaða Bæjarstjórnar Árborgar, vegna breytinga á deiliskipulagi miðbæjarins á Selfossi.

2210329 - Miðbær Selfoss - Breyting á deiliskipulagi 2022

Bókun Bæjarráðs Árborgar 29.6.2023:

„Mál frá fundi skipulagsnefndar 17.5.2023:

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi 18.1.2023, tillögu að breytingu á gildandi deiliskipulagi Miðbæjarins á Selfossi. Bæjarstjórn lagði til á sama fundi að sú breyting yrði gerð frá tillögu skipulags- og byggingarnefndar að íbúum verði gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum um deiliskipulagstillöguna á framfæri í ráðgefandi könnun meðal íbúa í gegnum vefinn Betri Árborg. Gildandi deiliskipulag var samþykkt 08.07.2021 og auglýst í B. deild Stjórnartíðinda 30.08.2021. Skipulagsreiturnar nær til svæðis sem skilgreind eru í aðalskipulagi Árborgar 2020 - 2036 sem miðsvæði. Svæðið afmarkast af Eyravegi og Austurvegi til norðurs og aðliggjandi íbúðarlóðum við Tryggvagötu til austurs, Sunnuvegi til suðurs og Kirkjuvegi til vesturs. Skipulagssvæðið er alls um 6,6 ha að flatarmáli. Stækkunin nemur lóðinni Kirkjuvegur 13, en svæðið var fyrir breytingu um 6,8ha. Deiliskipulagsbreyting tekur til vestur, og suðurlhuta svæðis. Meginbreytingin er að bætt er við syðst á svæðið niðurgreifni göngugötu, nefnd Garðatröð, sem tengist við Kirkjuveg að vestan og austurstíg Sigtúnsgarðs að austan. Sunnan við Garðatröð og austan við austurstíginn á mótis við lóðina Sigtún 2 er bætt við byggingarreitum fyrir lágreist hús að hámarki 2 hæðir og ris. Lóðamörkum lóða sunnan Miðstrætis er breytt og nýjar lóðir afmarkaðar. Lóðirnar Eyravegur 3 og 5 eru sameinaðar í eina lóð. Ytra umfang byggingarreitna ofanjarðar norðan Miðstrætis. Með breytingunni er heimilað hámarksbyggingarmagn aukið á svæðinu, mest í kjöllumum og með nýjum lóðum/byggingarreitum. Tillagan hefur verið auglýst í samræmi við 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010, í Fréttablaðinu, Dagskránni og Lögbirtingarblaði 22. febrúar 2023, með athugasemdafresti til 5. apríl 2023. Tillagan var einnig aðgengileg á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar. Umsagnir bárust frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og Vegagerðinni. Einnig bárust athugasemdir frá Magnúsi Jóhannssyni og Valdimar Árnasyni

Skipulagsnefnd þakkar fyrir innsendar umsagnir og athugasemdir. Skipulagsnefnd tekur undir athugasemdir Vegagerðarinnar og samþykkir að framlengja girðingu til suðurs sem aðskilur akgreinar á Eyravegi vegna vinstri beygju inn á Hótel Selfoss. Þá verður rétt staðsetning gangbrautar færð vestar, eins og hún er í dag. Vegna ábendingar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, verður innsláttarvilla lagfærð. Vegna athugasemda Magnúsar Jóhannssonar vill nefndin áréttast að merktur göngu og hjólastígur frá norðri til suðurs í gegnum svæði á Aðalskipulagsupprætti, er settur út með minni nákvæmni en ef um væri að ræða deiliskipulag. Tekið verður tillit til þess að tryggja gönguleiðir í gegnum skipulagssvæðið. Varðandi ábendingar um bílaumferð í gegnum Miðstræti og Brúarstræti, þá er skipulagsnefnd sammála þeirri hugsun, að takmarka beri umferð ökutækja gegnum svæðið eins og kostur er, enda fellur það undir tvo af efnisflokkum BREEAM um landnotkun og samgöngur. Vegna ábendinga um undirgöng til handa gangandi vegfarendum við Eyraveg og Austurveg, þá er sú tillaga góð, en er ekki til umfjöllunar í auglýstri breytingartillögu. Vegna athugasemda Valdimars Árnasonar tekur skipulagsnefnd undir að tveggja hæða hús svo nærri Sigtúni 2, sé helst til of hátt, og leggur til við hönnuði að gögnum verði breytt, þannig að umfang bygginga verði minnkað með lækkan í einnar hæðar hús með risi í samræmi við framlögð skuggavarpsgögn. Samhliða þeirri breytingu verða skipulagsgögn uppfærð. Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagsbreytinguna í samræmi við 43.gr. skipulagslaga, með fyrirvara um lagfærð gögn í samræmi við athugasemdir og svörum nefndar, og mælist til að Bæjarstjórn Árborgar samþykki tillöguna og feli skipulagsfulltrúa að senda tillöguna Skipulagsstofnun til afgreiðslu skv. 42. gr. sömu laga. Þá felur nefndin skipulagsfulltrúa að svara þeim sem gáfu umsagnir og þeim sem gerðu athugasemdir. Skipulagsnefnd áréttar fyrri bókun nefndarinnar frá 16.1.2023, að tillagan verði sett í ráðgefandi íbúakönnun áður en Bæjarstjórn Árborgar tekur tillöguna til lokaafgreiðslu.

Niðurstöður ráðgefandi íbúakönnunarinnar var þannig að 1.655 íbúar tóku þátt og sögðust 1468 íbúar hlynnt(ir) breytingunum en 187 andvíg(ir).“

Bæjarráð Árborgar þakkar fyrir innsendar umsagnir og athugasemdir. Bæjarráð tekur undir athugasemdir Vegagerðarinnar og samþykkir að framlengja girðingu til suðurs sem aðskilur akgreinar á Eyravegi vegna vinstri beygju inn á Hótel Selfoss. Þá verður rétt staðsetning gangbrautar færð vestar, eins og hún er í dag. Vegna ábendingar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, verður innsláttarvilla lagfærð. Vegna athugasemda Magnúsar Jóhannssonar, bæjarráð áréttast að merktur göngu og hjólastígur frá norðri til suðurs í gegnum svæði á aðalskipulagsupprætti, er settur út með minni nákvæmni en ef um væri að ræða deiliskipulag. Tekið verður tillit til þess að tryggja gönguleiðir í gegnum skipulagssvæðið. Varðandi ábendingar um bílaumferð í gegnum Miðstræti og Brúarstræti, þá er bæjarráð Árborgar sammála þeirri hugsun, að takmarka beri umferð ökutækja gegnum svæðið eins og kostur er, enda fellur það undir tvo af efnisflokkum BREEAM um landnotkun og samgöngur. Vegna ábendinga um undirgöng til handa gangandi vegfarendum við Eyraveg og Austurveg, þá er sú tillaga góð, en er ekki til umfjöllunar í auglýstri breytingartillögu. Vegna athugasemda Valdimars Árnasonar tekur bæjarráð undir að tveggja hæða hús svo nærri Sigtúni 2, sé helst til of hátt, og hefur verið gerð breyting á gögnum, sem felur í sér að efra hús vestan við Sigtún 2, verður einnar hæðar hús í samræmi við framlögð skuggavarpsgögn, og hefur þar af leiðandi minni áhrif á Sigtún 2. Samhliða þeirri breytingu hafa skipulagsgögn verið uppfærð. Bæjarráð Árborgar samþykkir deiliskipulagsbreytinguna í samræmi við 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010, og felur skipulagsfulltrúa að senda tillöguna Skipulagsstofnun til afgreiðslu skv. 42. gr. sömu laga og auglýsa niðurstöður bæjarráðs. Þá felur nefndin skipulagsfulltrúa að svara þeim sem gáfu umsagnir og þeim sem gerðu athugasemdir.

Virðingarfyllst,
Rúnar Guðmundsson
skipulagsfulltrúi

Íþróttir

Fjöldi titla til HSK á Landsmóti UMFÍ +50

Um 350 keppendur tóku þátt í Landsmót UMFÍ 50+ sem haldið var í Stykkishólmi um síðustu helgi.

Rúmlega 30 keppendur af sambandsvæði HSK tóku þátt í mótinu. Vinsælustu greinarnar hjá sunnlendingum voru bridds, golf, ringó og frjálssar. Við áttum einnig fulltrúa í fleiri greinum, s.s. sundi, þútti og stígvélakasti.

Keppendur HSK unnu nokkra landsmótsmeistartitla á mótinu. Tvö ringólið frá HSK tóku þátt og unnu gull og brons. Í sigurliðinu voru Rangæingarnir Ólafur Elí Magnússon, María Rósa Einarsdóttir, Erlendur Árnason og Sigríkur Jónasson.

Í sundi vann Tómas Jónsson

á Selfossi tvo titla í flokki 90 ára og eldri, en hann synti 100 m bringusund á 2;39,34 mín. og 50 m bringusund á 1;12,57 mín. Ötrúlegur árangur hjá Tómasi sem varð 90 ára í janúar á þessu ári. Frændurnir úr Flóanum, þeir Jón M. Ívarsson og Sigmundur Stefánsson unnu báðir titla í frjálsum á mótinu. Jón varð landsmótsmeistari í lóðkasti og kringlukasti í flokki 70-74 ára og Sigmundur vann lóðkast í 75-79 ára flokki. Keppendur úr aðildarfélagum HSK unnu tvo titla í golfi. María Ragna Lúðvíksdóttir úr Golfklúbbi Selfoss vann 50-64 ára flokk kvenna og Jóhannes Elíasson úr Golfklúbbi Ásatúns vann 50-64 ára flokk karla.

Auk ofantalinna titla unnu HSK keppendur silfur- og bronsverðlaun í frjálsum, ringó, þútti og stígvélakasti. Þess má geta að þegar þetta er ritað á eftir er að birta úrslit úr nokkrum greinum og því gætu bæst við fleiri í þessa upptalningu.

Fjórir keppendur frá USVS kepptu á mótinu og unnu þrír þeirra titla á mótinu. Ragnheiður Högnadóttir vann kringlukast og spjótast í flokki 60-64 ára, auk þess að vinna til verðlauna í körfuknattleik. Sabína Victoria Reinholds dóttir vann 100 m hlaup og götuhlaup í flokki 50-54 ára og Hafís Eggertsdóttir vann 100 m hlaup, spjótast, í flokki 70-74 ára.

HSK



Ringólið HSK í gulu bolunum varði þriðja og ringólið HSK í bláu bolunum sigraði.



Keppendur USVS.



Markús Ívarsson í lóðkasti.



Sigmundur Stefánsson í spjótasti.



Keppendur USVS.



Keppendur í golfi.



Tómas Jónsson t.h.



HSK/Selfoss sigraði MÍ 11-14 ára á heimavelli

FRJÁLSAR Meistaramót Íslands 11-14 ára var haldið á Selfossvelli helgina 23.-25. júní. Um 200 krakkar voru skráðir til leiks á mótinu frá félögum víðs vegar af landinu. Frjálsíþróttaráð HSK var framkvæmdaaðili mótsins og bauð keppendum auk keppinnar sjálfrar upp á mat, gistingu, bingó og sundlaugarpartí. Vel tókst til, þökk sé þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum sem lögðu hönd á plóg og þeim styrktaraðilum sem voru tilbúnir til að leggja okkur lið.

Keppendur HSK/Selfoss stóðu sig gríðarlega vel á mótinu og voru sex HSK met slegin. Í flokki 13 ára stúlkna bætti Bryndís Halla Ólafsdóttir úr Dímon metið í 300m hlaupi þegar hún hljóp á 46,62 sek. Hún bætti einnig metið í 2000m þegar hún hljóp hringina fimm á 8:25,44 mín. Í 13 ára flokknum bætti einnig Anna Metta Óskarsdóttir úr Umf. Selfoss metið í þristökki þegar hún stökk 10,59m en gamla metið átti Eva María Baldursdóttir 10,56m. Í flokki 14 ára stúlkna bætti Helga Fjóra Erlendsdóttir úr Umf. Garpi metið í 80m grindahlaupi þegar hún hljóp á 12,92 sek. Bryndís Embla Einarsdóttir sigraði spjótast 14 ára stúlkna með kasti upp á 45,36 m sem er nýtt HSK met í flokknum. Einnig var sett HSK met í blönduðu boðhlaupi 12 ára en sveit HSK/Selfoss hljóp á tímanum 66,02 sek. Í blönduðu boðhlaupi skipa tveir piltar og tvær stúlkur sveitina.

Adda Sóley Sæland sigraði spjótast með 27,99m og kringlukastið með 24,79m og sveit HSK/Selfoss varð Íslandsmeistari í 4x100m boðhlaupi á 59,36 sek. Í flokki 14 ára stúlkna varð Helga Fjóra Erlendsdóttir íþróttamaður. Garpi Íslandsmeistari í 80m grindahlaupi á 12,92 sek, í 80m hlaupi á 10,76 og þristökki með 10,55m, Bryndís Embla Einarsdóttir Umf. Selfoss sigraði hástökk með 1,51m, kúluvarp með 11,28m, kringlukast með 35,37m og spjótast með 45,36m. HSK

Lið HSK/Selfoss sigraði stigakeppni mótsins með yfirburðum með 933 stig og næsta lið þar á eftir var FH með 573,5 stig. 17 mótsmet voru sett á mótinu og voru fimm þeirra sett af keppendum HSK/Selfoss. Bryndís Halla setti mótsmet í 300 m hlaupi 13 ára, Anna Metta bætti mótsmetið í þristökki 13 ára, Helga Fjóra setti mótsmet í þristökki 14 ára og Bryndís Embla setti mótsmet í kringlukasti og spjótasti.

Liðið vann 10 gullverðlaun á mótinu og eru gullverðlaunahafar eftirfarandi: Í flokki 12 ára stúlkna varð Ásta Kristín Ólafsdóttir Umf. Selfoss Íslandsmeistari í hástökki með 1,26m. Í flokki 13 ára varð Bryndís Halla Ólafsdóttir úr Dímon Íslandsmeistari í 300m hlaupi á 46,62 sek og 2000m hlaupi á 8:25,44 mín, Anna Metta Óskarsdóttir Umf. Selfoss varð Íslandsmeistari í hástökki með 1,50m og í þristökki með 10,59.

Adda Sóley Sæland sigraði spjótast með 27,99m og kringlukastið með 24,79m og sveit HSK/Selfoss varð Íslandsmeistari í 4x100m boðhlaupi á 59,36 sek. Í flokki 14 ára stúlkna varð Helga Fjóra Erlendsdóttir íþróttamaður. Garpi Íslandsmeistari í 80m grindahlaupi á 12,92 sek, í 80m hlaupi á 10,76 og þristökki með 10,55m, Bryndís Embla Einarsdóttir Umf. Selfoss sigraði hástökk með 1,51m, kúluvarp með 11,28m, kringlukast með 35,37m og spjótast með 45,36m. HSK

Damian og Tomek aftur í Hamar

BLAK Bikarmeistarar Hamars í blaki hafa samið við þá Damian Sapor og Tomek Leik um að leika með liðinu á næsta keppnistímabili. Þeir eru báðir þekktar stærðir í Hamri en þeir léku með liðinu tímabilið 2021-2022 og unnu alla titla sem í boði voru með liðinu, Damian lék einnig með liðinu tímabilið 2020-2021.

„Það er mikil ánægja í herbuðum Hamars með að fá þessa leikmenn aftur til okkar.

Þeir voru stór partur af velgengni Hamars þegar þeir léku síðast með liðinu. Við vitum hvað við erum að fá í þessum leikmönnum og þeir verða mjög mikilvægir innan sem utan vallar“ segir í tilkynningu frá Hamri.

Það er því ljóst að Hamarsmenn ætla sér stóra hluti á næsta tímabili en Damian og Tomek eiga að hjálpa liðinu að endurheimta íslandsmeistaratitilinn. Blakdiled Hamars



Við erum sérfræðingar í prentun bóka,
almennu prentverki og framleiðslu umbúða.
Öll framleiðsla fer fram á Íslandi.



Leyfðu okkur að finna bestu, hagkvæmustu
og umhverfisvænustu leiðina fyrir þig.



Umbúðir

Almenn
prentun

Bækur



Límmiðar



Stimplar

📍 Eyraveggi 25, 800 Selfoss
☎ 482 1944
✉ selfoss@prentmetoddi.is



FUNDIR



Krabbameinsfélagið

Opið mán kl. 11 til 15
miðv. kl. 11 til 15
föstud. kl. 11 til 14.
s. 482 1022 gsm 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krosus.
Poniedziałek i czwartek godzina
19:00. Hrísholti 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

KIRKJUR

Selfosskirkja

Kvöldguðspjónusta í Selfoss-
kirkju sunnudaginn 9. júlí kl.
20:00. Kirkjukórinn leiðir safnar-
söng.

Skálholtsdómkirkja

Kantötuuguðspjónusta kl. 14 með
Skálholtskórnum og Barroksveit
Skálholts. Organisti er Jón
Bjarnason. Stjórnandi kantöt-
unnar er Benedikt Kristjánsson,
listrænn stjórnandi Sumar-
tónleika í Skálholti. Sr. Kristján
Björnsson, vigslobiskup, pré-
dikar og þjónar fyrir altari með
sr. Axel Árnasyni Njarðvík, hér-
aðspresti. Sjá einnig heimasíðu
Sumartónleikanna og Skálholts.

ÞJÓNUSTA



S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyurvegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta



VH Tækjaleiga

Til leigu 2,8 tonna minigrafa.
Upplýsingar í síma 892 5741.

TIL LEIGU

Parhús til leigu í Árnesi

(vetrarleiga)

Til leigu er parhús í Árnesi frá 1.
nóvember 2023 til og með 30.
apríl 2024. Húsið er leigt með
húsgögnum. (með eða án bíl-
skúr) Til greina getur komið að
upphaf leigutíma sé 1. septem-
ber. Áhugasamir hafi samband
með tölvupósti á netfangið val-
bjorns@gmail.com eða á síma
892 1786.

BÍLAR



Gagnheiði 11 - 800 Selfossi
Sími 482 2200 - GSM 894 2277 - Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

Metaðsókn á Allt í Blóma

Áðsóknarmet var á fjöl-
skyldu- og tónlistarhátíðina
Allt í blóma sem haldin var í
Lystigarðinum í Hveragerði
þriðja árið í röð um síðustu
helgi.

Hátíðin byrjaði á fjölskyldu-
tónleikum Bríetar og síðar um
kvöldið tóku við stórtónleikar
með Stefáni Hilmarssyni, ásamt
hljómsveit.

Laugardagurinn einkenndist
af þéttari dagskrá og fengu gestir
að auki að sjá hin ýmsu veðuraf-

brigði, þegar barnadagskrá og
fjölskyldutónleikar fóru fram.
Þar komu fram Solla og Halla
úr Latabæ, Bmx bros, Sirkus Ís-
lands og Suðurlandsdjazzinn var
að sjálfsögðu á sínum stað.

Kvöldtónleikarnir voru ein-
staklega vel sóttir, þar sem Frið-
rik Dór, GDRN, Unnur Birna,
Gígja Marín og Jónas Sig komu
fram, ásamt landsliði hljóðfæra-
leikara.

Á dansleiknum í Tuborg-
tjaldinu, sem var troðfullt frá

upphafi til enda, sáu Gunni Óla,
Stefanía Svavars, Þórir Geir og
Blaz Roca um stuðið. Bjartmar
sló svo botninn úr helginni á
sunnudaginn, á tónleikum fyrir
fullum Reykjadalsskál.

Aðstandendur Allt í blóma
vilja koma sérstökum þökkum
á framfæri til þeirra fjölmörgu
styrktaraðila sem lögðu hátíð-
inni lið, auk allra sem heimsóttu
Hveragerði og fylltu af lífi um
liðna helgi og kveðjast hlakka til
að endurtaka leikinn að ári.



Ljósmynd: Brynja Eldon.



Ljósmynd: Helga Flosadóttir.



Ljósmynd: Helga Flosadóttir.



Ljósmynd: Kristbjörg Sigtryggadóttir.



Glæsilegt motocrosssvæði opnað á Hellu

Fjölmenn var á opunar-
hátíð þann 1. júlí sl. þegar
svæði undir akstur vélhjóla, á
vegum akstursíþróttadeildar
Ungmennafélagsins Heklu, var
opnað við hátíðlega athöfn, rétt
austan við Hellu.

Málið á sér langan að-

draganda, en hugmyndin kom
upp fyrst í september 2019 og
var síðan tekin formlega fyrir í
stjórnsýslunni með umfjöllun
Skiplagsnefndar í mars 2021.
Síðan hefur málið farið í gegn-
um skipulagsferli með breytingu
á aðalskiplagi og gerð deili-

skipulags sem samþykkt var í
sveitarstjórn þann 12. maí 2022.

Svæðið er, sem fyrr segir,
staðsett rétt austan við Hellu,
en farið er upp afleggjarann að
Gunnarsholti til að komast að
því. Akstursbrautir Umf. Heklu
eru þrjár, Púkabraut, fyrir þau
yngstu sem eru að stíga sín
fyrstu skref í motocrossi, Byrj-
endabraut, fyrir byrjendur, yngri
en 12 ára og löggild keppnis-
braut sem er 1,9 km að lengd,
fyrir öikumenn eldri en 12 ára.
Í framtíðinni bætist við fjórða
brautina, hardenduro braut. Að-
göngumiða í brautirnar er hægt
að fá á Olís á Hellu. Svæðið
verður alla jafna opið frá apríl til
september, frá kl. 11-21.

Heimamenn taka fagnandi á
móti sérhönnuðu og afmörkuðu
svæði til iðkunnar á íþróttinni
og í tilkynningu frá Rangárþingi
ytra segir að vandað hafi verið
til verka og að umgjörðin öll sé
til fyrirmyndar.



Eggert Valur Guðmundsson afhendir Atla Má Guðnasyni blómvönd í tilefni
dagsins. Myndir: Rangárþingi ytra.

Fischersetrið starfrækt í áratug

Þann 11. júlí nk. verður Fischersetrið á Selfossi 10 ára, en 11. júlí 2013 var það opnað formlega. Um það bil ári áður, vorið 2012, var undirbúningsnefnd stofnuð fyrir stofnun Fischerseturs. Í undirbúningsnefndinni voru í stafrófsröð, Aldís Sigfúsdóttir verkfræðingur, Bjarni Harðarsson bóksali, Gunnar Finnlaugsson mjólkurfræðingur og Magnús Matthíasson kennari. Sérstakur stofnfundur fyrir stofnun Fischerseturs var haldinn á 2. hæð Gamla bankans þann 11. júlí 2012. Þar var undirrituð viljayfirlýsing við eiganda hússins um að leigja aðra hæðina fyrir Fischersetrið. Mánaðardagurinn 11. júlí varð fyrir valinu þar sem þennan mánaðardag byrjuðu þeir Fischer og Spassky að tefla fyrstu skákina í Skákeinvíginu 1972. Í framhaldinu var skipulagsskrá fyrir sjálfseignarstofnunina Fischersetur á Selfossi samþykkt og undirrituð af stjórnarmeðlimum þann 9. mars 2013. Fyrsta stjórn Fischerseturs var skipuð af eftirfarandi mönnum: Aldís Sigfúsdóttir, Gunnari Björnssyni, Gunnari Finnlaugssyni, Helga Ólafssyni, Ingimundi Sigurmundssyni, Lýð Pálssyni og Magnúsi Matthíassyni. Í kjölfarið var þriggja manna framkvæmdastjórn skipuð með þeim Aldísi Sigfúsdóttur, Bjarna Harðarsyni og Magnúsi Matthíassyni.

Fischersetrið er safn um skákmeistarann Bobby Fischer og ber þar hæst heimsmeistaraeinvígið 1972 og frelsun hans úr fangelsi í Japan árið 2005, er hann kom til Íslands sem íslenskur ríkisborgari. Ennfremur er þar aðstaða fyrir Skákkfélag Selfoss og nágrennis. Í Setrinu eru líka haldnar kynningar og fyrirlestrar um ýmislegt efni tengt skáklistinni. Að undanskildum sl. vetri þá hefur Helgi Ólafsson stórmeistari og skólastjóri Skákkskóla Íslands séð um skákkennslu fyrir krakka í Setrinu frá upphafi.

Ein aðalástæðan fyrir því að Fischersetrið var stofnað hér á Selfossi er vegna þess að grafreitir Bobby Fischers er í Laugardælakirkjugarði. Fischer féll frá 17. janúar 2008, en fljótlega eftir að Fischer hafði verið jarðaður að Laugardælu fóru ferðamenn að streyma að gröf Fischers. Þetta varð til þess að safn um Bobby Fischer var opnað í Gamla bankanum þann 11. júlí 2013.


Á þessum tíu árum hafa margir aðstoðað Fischersetrið. Að undanskildum sl. þremur sumrum þá hafa það verið sjálfbodaðliðar sem hafa staðið vaktina við að halda Setrinu daglega opnu fyrir ferðamenn yfir sumartímamann og opnað samkvæmt óskum yfir vetrartímamann. Þessi liðsstyrkur hefur skipt sköpum fyrir Setrið, án hans værum við ekki að fagna tíu ára afmæli um þessar mundir. Á þessum árum hafa eftirfarandi sjálfbodaðliðar lagt safninu lið í lengri eða skemmri tíma: Aðalsteinn Geirsson, Árni Erlendsson, Ásdís Halldórsdóttir, Björgvin Guðmundsson, Böðvar Jens Ragnarsson, Eiríkur Harðarson, Erlingur Atli Pálmason, Eysteinn Jónasson, Gísli Magnússon, Gissur Jensson, Gísli Sigurðsson, Guðmundur Lýðsson, Gunnar Einarsson, Halldór Magnússon, Hjörtur Þórarinnsson, Ingibjörg Ágústsdóttir, Kjartan Már Hjálmarsson, Ólafur Bjarnason, Ólafur Jónsson, Óli Þ. Guðbjartsson, Óskar H. Ólafsson, Ragnar Gíslason, Sigríður J. Guðmundsdóttir, Valdimar G. Guðmundsson, Vilhjálmur S. Pétursson, Þórdís Kristjánsdóttir, Þórður Guðmundsson, Þórður Sigurðsson, Þröstur Þorsteinsson og Örlygur Karlsson.

Þótt það séu 50 ár liðin frá því að heimsmeistaraeinvígið var haldið í Reykjavík og fimmtán liðin frá því að Bobby Fischer féll frá, þá er mjög mikill áhugi á þessu heimsmeistaraeinvígi, sem kom Íslandi á kortið, um sögu Bobby Fischer og hvernig Íslendingar komu að frelsun hans úr fangelsinu í Japan. Á hverju ári koma í Setrið nokkrar erlendar fréttaveitur, sem eru að gera þátt eða þætti, um þetta efni. Á sl. tíu árum hefur gestum safnsins fjölgað stöðugt ár frá ári og á sl. ári komu um þrjú þúsund manns. Flestir þeirra, eða rúmlega 90% eru erlendir gestir og koma þeir alls staðar frá. Margir koma við er þeir sjá auglýsingaskiltið utan á húsinu, en svo eru það líka aðrir sem höfðu það eitt af aðalmarkmiðum sínum að koma að gröf Fischers og í setrið. T.d. kom einn ferðamaður frá Malasíu sem ákvað að gera þrjá hluti hér á landi þ.e.a.s. fara að leiði Fischers, heimsækja setrið, spila golf á Íslandi í einn dag og fljúga síðan til baka til síns heimalands!

Aldís Sigfúsdóttir



Gamli bankinn á Selfossi þar sem Fischersetrið er.



Frá heimsókn þátttakanda úr heimsmeistaramóti í Fischer-slembiskák, sem fór fram í Reykjavík sl. haust, í Fischersetur. F.v. Gunnar Björnsson forseti Skáksambands Íslands, Valdimir Fedoseev, Ian Nepomniachtchi, Wesley So, núverandi heimsmeistari í Fischer-slembiskák, og Guðmundur G. Þórarinnsson fyrrverandi forseti Skáksambands Íslands.



Hópurinn sem mætti á undirbúningsfundinn fyrir stofnun Fischerseturs þann 11. júlí 2012. Neðri röð f.v. Stefán Steingrímur Bergsson, Helgi Ólafsson, Guðmundur G. Þórarinnsson, Hrafn Jökullsson, Magnús Matthíasson, Sigfús Kristinnsson, Gunnar Finnlaugsson, Ásdís Halldórsdóttir, Guðni Ágústsson, Guðmundur Þór Gunnarsson, Kolbrún Markúsdóttir, Gunnar Björnsson, Aldís Sigfúsdóttir, Guðmundur Kristinnsson og Hilmar Viggósson. Efst röð, f.v. Bjarni Harðarson, Eyþór Arnalds, Aðalsteinn Sveinsson, Kristinn A. Friðfinnsson og Kjartan Björnsson.



Davíð Oddsson fyrrverandi forsætisráðherra við leiði Fischers í Laugardælakirkugarði, en hann var einn lykilmáðurinn í frelsun Fischers úr fangelsinu í Japan árið 2005.



Núverandi stjórn Fischerseturs. Efri röð f.v. Þorsteinn Magnússon, Ingimundur Sigurmundsson, Helgi Ólafsson, Jóhann Hjartarson, Lýður Pálsson. Neðri röð f.v. Aldís Sigfúsdóttir og Ólafur Bjarnason formaður stjórnar.



Garry Kasparov fyrrum heimsmeistari í skák og Guðmundur G. Þórarinnsson fyrrverandi forseti Skáksambands Íslands í Fischersetri á afmælisdegi Bobby Fischer þann 9. mars 2014



Einvígi á úttaflinu við Fischersetur. Gunnar Finnlaugsson leikur, Guðni Ágústsson virðist ekki alveg sammála leiknum.



Eyþór Arnalds oddviti og forseti bæjarráðs Árborgar flytur ávarp við opnun Fischerseturs og færir Fischersetri blóm í tilefni opnunnar sem Aldís Sigfúsdóttir, meðlimur framkvæmdastjórnar Fischerseturs, tekur við.

Skákkennsla í Fischersetri í umsjón Helga Ólafssonar stórmeistara og skólastjóra Skákkskóla Íslands.



Fyrsta flugið í dag

Mega Zipline Iceland er lengsta og hraðasta sviflína á Íslandi og þótt víðar væri leitað. Línar eru staðsett í Kömbunum við Hveragerði og fylgir Svartaglúfri frá efstu beygju í kömbunum alveg niður að kaffihúsinu við upphaf gönguleiðarinnar inn í Reykjadal.

Línurnar eru tvær og liggja samhliða svo tveir geta tekið flugið í einu. Línurnar eru 1 kílómetur að lengd og hallinn er að meðaltali tíu gráður. Boðið er upp á tvennskona leiðir til að fljúga. Annars vegar Fuglinn, þar sem hægt er að sitja eða liggja á bakinu, frjáls eins og fuglinn og hins vegar Fálkinn eða Superman, þar sem legið er á maganum með höfuðið fram. Geta hröðustu fálkarnir náð allt að 120 km hraða á leiðinni niður.

Klukkan 14 í dag (fimmtudag) verður fyrsta Fálkaferðin farin, en þrjár fyrstu ferðirnar eru boðnar upp á vefsíðu Mega-zipline og rennur ágóðinn af þeim óskiptur til ME-félagsins á Íslandi. Línar opnar fyrir almenning á föstudag kl. 10.

„Verkefnið sjálft hefur tekið langan tíma, mun lengri en ég hafði hugsað mér upphaflega, en það eru tvö og hálft ár síðan ég byrjaði að teikna þessa hugmynd upp upphaflega. En það tekur tíma að gera hlutina í fyrsta skipti, það hefur engin svona lína verið sett upp hér á



landi. Töluverður munur er á stuttri ziplínu og yfir 1000 metra langri. Hinsvegar er útkoman betri en við þorðum að vona, við vissum að þetta væri fall-egt svæði en þetta er náttúrlega bara mögnuð upplifun, hún er sterkari held ég en við gerðum okkur grein fyrir og það kemur virkilega vel fram á myndum og myndefni,“ segir Hallgrímur Kristinsson, framkvæmdastjóri Mega Zipline í samtali við Dag-skrána.

„Kanadíska fyrirtækið sem setti þetta upp er búið að setja upp sviflínur út um allan heim. Þeir fróðu menn sem hjá þeim starfa vilja meina að þessi lína sé með þremur bestu línunum í heiminum. Þeir horfa til nokk-

urra þátta við matið; nálægðar við jörðina, þú finnur meira fyrir hraða þegar þú ert nær jörðu, náttúrunnar umhverfis línuna og hvernig hún spilar inn í upplifunina og hraðann sem þú ferð niður línuna. Allir þessir þættir skora rosalega hátt hjá okkur sem er alveg frábært. Við erum hæstánægð og mjög spennt að opna loksins,“ segir Hallgrímur að lokum. HGL

Sprettur
ÁBURÐUR

Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

SEASTONE EHF
KRANABÍLAPJÓNUSTA
SÍMI 898 9960

HREINGERINGA-
ÞJÓNUSTA Suðurlands ehf.

Allar ræstingar
Steinteppehreinsun, teppahreinsun,
bón, gluggahreinsun o.fl.
SÍMI 897 8444
Freint um allt Suðurland

BRÁÐ AF VINATTU!

Fæst hjá
BYKO Selfossi

expert
kæling

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaþvöðir - Almennar raflagnir

LAGNIR

ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Þar sem
fagmennirnir vinna

★★★★★

Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

Lagnapjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600
www.heyren.is

NÝTT

Vinnuvélanámskeið
á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

HREINSITÆKNI

Stíflulosun
Rotþróahreinsun
Vélsópun
Lagnafóðrun

Hellismýri 9, 800 Selfoss
selfoss@hrt.is - Sími 892 2136
www.hrt.is

Tækniþjónusta
Suðurlands ehf.
Selfossi

Sjónvarpskerfi
fyrir hótél og gistihús

Öryggiskerfi

Eftirlitsmyndavélakerfi

Hljóðkerfi

Símkerfi o.fl.

Sérhæfing - Þekking - Reynsla

Gunnar **Vilmundur**
Guðmundsson **Sigurðsson**
Sími 694 4922 Sími 779 6777

VÉLSMIÐJA
SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Álfrún Diljá hlýtur námsstyrk Landsbankans

Síðustu 34 ár hefur Landsbankinn veitt framúrskarandi námsmönnum styrki úr Samfélagssjóði bankans og þann 22. júní sl. fór úthlutunin fram í ár.

Selfyssingurinn Álfrún Diljá Kristínardóttir var ein 16 framúrskarandi námsmanna sem fengu styrk, en Álfrún er nemandi við Fjölbautaskóla Suðurlands á Selfossi. Alls bárust 550 umsóknir í ár.

Styrkirnir eru veittir í fjórum flokkum; til framhaldsskóla-háskóla- og listnema og til háskólanema í framhaldsnámi.

Dórnnefndin í ár leitaðist við að velja metnaðarfulla, framúrskarandi námsmenn með athyglisverða framtíðarsýn sem nefndin taldi líklega til að auðga íslenskt samfélag í framtíðinni. Að auki var meðal annars litið til rannsóknna og greinaskrifa, sjálfbærðisástarfa, þátttöku í íþróttum og félagsstarfi við valið.



Álfrún Diljá Kristínardóttir.